

20. marz.

155

Nr. 9.

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að leyfa h/f Hval
innflutning á hvalveiðiskipi.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með sam-
þykki mínu:

1. gr.

Ráðherra skal heimilt að leyfa h/f Hval innflutning á einu hvalveiðiskipi, þó
eldra sé en 12 ára, sbr. 35. gr. laga nr. 50/1959.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 20. marz 1963.

Ásgeir Ásgeirsson.
(L. S.)

Emil Jónsson.

23. febrúar.

Nr. 10.

L Ö G

um breyting á jarðræktarlögum, nr. 45 17. maí 1950, og lögum nr. 29 1955,
um breyting á þeim lögum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með sam-
þykki mínu:

1. gr.

IV. töluliður 11. gr. laga nr. 45 1950 orðist svo:

Jarðrækt:

Vinnsla og jöfnun lands vegna akur- og túnræktar (þar á meðal vegna kal-
skemmda) kr. 200.00 pr. ha.

A 20

2. gr.

Á eftir orðinu „jarðræktar“ í 2. efnismálsgr. 6. gr. laga nr. 29 1955 komi: (þar á meðal vegna kalskemmda).

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 23. febrúar 1963.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

Nr. 11.

19. apríl.

L Ö G

um breyting á sjómanna­lögum, nr. 41 19. maí 1930.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. gr. laganna breytist þannig:

- a. Á eftir orðunum „fermingar eða affermingar“ síðast í fyrra málslið komi: eða þar, sem skipið hættir siglingu.
- b. Í stað orðanna „til ráðningarslita í fermingar- eða affermingarhöfn erlendis“ síðast í síðara málslið komi: til ráðningarslita í erlendri fermingar- eða affermingarhöfn eða þar, sem skipið hættir siglingu erlendis.

2. gr.

2. málsgr. 4. gr. laganna orðist svo:

Ef skipstjóri hefur leynt veikindunum eða meiðslunum með sviksamlegum hætti, er hann réðst á skipið, á hann ekki rétt á launum lengur en hann gegnir starfi sínu. Sama gildir, ef hann hefur sjálfur átt sök á sjúkdóminum eða meiðslunum af ásetningi eða stórfelldu gáleysi, eftir að hann réðst á skipið.

3. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Um skipstjóra skulu og gilda eftirfarandi ákvæði um skipverja, eftir því sem við á:

1. Um umönnun og heimsendingu, þegar um sjúkdóm eða slys er að ræða, sbr. 28. gr.
2. Um kaupgreiðslu, er skipstjóri deyr, um greftrun eða líkbrennslu og um meðferð eftirlátinna muna hans, sbr. 24. gr., 29. gr. og 30. gr.
3. Um skyldu til að ganga undir læknisskoðun, sbr. 3. málsgr. 10. gr.

4. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Skipstjóri ræður fyrir hönd útgerðarmanns stýrimenn, vélstjóra, bryta, loftskeytamenn og aðra skipverja og segir þeim upp störfum.